

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 75/95
frá 15. desember 1995**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á jarðvegsbæti umhverfismerki bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/924/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á salernispappír umhverfismerki bandalagsins⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/925/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á eldhúsrúllum umhverfismerki bandalagsins⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 74 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17. 12. 1994, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 32.

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 2.eb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EB) í XX. viðauka við samninginn:

- „2.ec 394 D 0923: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á jarðvegsbæti umhverfismerki bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 21).
- „2.ed 394 D 0924: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/924/EB 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á salernispappír umhverfismerki bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 24).
- „2.ee 394 D 0925: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/925/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á eldhúsrúllum umhverfismerki bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 32).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB, 94/924/EB og 94/925/EB, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Berg

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik M. Sucker